

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 522, 18. ágúst 1998, um vigtun sjávarafla.

1. gr.

3. tl. 1. mgr. 5. gr. orðist svo: Nafn seljanda, kaupanda og viðtakanda afla.

2. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. bætist nýr málslíður er orðist svo: Jafnframt skal ökumaður gefa vigtar-
manni upplýsingar um viðtakanda afla.

3. gr.

Á eftir orðunum: „fyrst vigtaður á hafnarvog í löndunarhöfn“ í 2. mgr. 38. gr. komi: eða
berist endurvigtunarnóta frá öðrum aðila en þeim sem tilgreindur var sem viðtakandi aflans
við vigtun á hafnarvog.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um
nytjastofna sjávar til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. febrúar 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.